



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

**67. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í fjarfundi, 16. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Hjalti Tómasson, Guðmundur Gíslason, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Leifur Bjarki Björnsson og Lilja Einarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Lilja Einarsdóttir, Sveitarstjóri.

Fundarstjóri Óskar eftir því að liður 2 Viðauki, falli út af dagskrá. Einnig óskar hann eftir því að bæta við dagskrárliðum 3 og 4. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Rekstraryfirlit jan-okt. 2020 - 2011050

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir og kynnir rekstraryfirlit fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2020. Rekstur fyrstu 9 mánuði ársins er vel innan ramma rekstraráætlunar.

2. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Fjárhagsáætlun 2021 - 2011052

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2020. Áætlaður heldarrekstrarkosnaður fyrir árið 2021 er 61. 500.000.- Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

3. Hagsmunasamtök íbúa og landeigenda á Gaddstöðum; bréf til Brunavarna - 2011059

Leifur Bjarki slökkviliðsstjóri fer yfir efni erindisins. Slökkviliðsstjóri telur aðgengi að vatni ekki vera vandamál á svæðinu og ekki skerða möguleika slökkviliðsins til að ráða niðurlögum elds. Slökkvistjóra falið að svara erindinu.

4. Eldvarnareftirlit 2020; Rangárþing eystra - 2011058

Erindi Skipulags- og byggingafultrúa Rangárþings eystra er varðar eldarnareftirlit í sveitarfélaginu en því hefur verið sinnt af skipulags og byggingafultrúaemæbtti Rangárþings eystra. Erindinu frestað og slökkviliðsstjóra falið að taka saman tölur um eldvarnareftirlit í sýslunni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:22

Anton Kári Halldórsson

Hjalti Tómasson

Guðmundur Gíslason
